# Sunnudagur 16. júlí

DV

SJÓNVARPIÐ

17.50 **Sunnudagshugvekja.** Haraldur Ólafsson lektor flytur.
18.00 **Sumarglugginn.** Umsjón Árný Jóhannsdóttir.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
19.00 **Shelley** (The Return of Shelley). Breskur gamanmyndaflokkur um hrakfallabálkinn vinnufælna sem skemmti sjónvarpsáhorfendum fyrir nokkrum árum. Þýðandi Guðni Kolbeinsson.
19.30 **Kastljós á sunnudegi.** Fréttir og fréttaskýringar.
20.40 **Mannlegur þáttur. „Kreppa“.** Umsjón Egill Helgason.
21.10 **Vatnsleysuveldið** (Dirtwater Dynasty). Níundi þáttur. Ástralskur myndaflokkur í tíu þáttum. Leikstjóri Michael Jenkins. Aðalhlutverk Hugo Weaving, Victoria Longley, Judy Morris, Steve Jacobs og Dennis Miller. Þýðandi Jóhanna Þráinsdóttir.
22.00 **Höfundur Helstríðs** (Klimov). Bresk heimildamynd um sovéska kvikmyndagerðarmanninn Elem Klimov. Spjallað er við Klimov um myndir hans s.s. Helstríð sem Sjónvarpið sýndi sl. miðvikudag. Þýðandi Jónas Tryggvason.
22.55 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**



STÖÐ 2

9.00 **Alli og íkornarnir.** Teiknimynd.
9.25 **Lafði Lokkaprúð.** Falleg teiknimynd.
9.35 **Litli folinn og félagar.** Falleg og vönduð teiknimynd með íslensku tali.
10.00 **Selurinn Snorri.** Teiknimynd með íslensku tali.
10.15 **Funi.** Teiknimynd um litlu stúlkuna Söru og hestinn Funa.
10.40 **Þrumukettir.** Teiknimynd.
11.05 **Hetjur himingeimsins.** Teiknimynd.
11.30 **Kaldir krakkar.** Lokaþáttur.
11.55 **Albert feiti.** Skemmtileg teiknimynd með Albert og öllum vinum hans.
12.20 **Óháða rokkið.** Hljómsveitin vinsæla Cure kemur fram í þessum þætti.
13.15 **Mannslíkaminn.** Living Body. Einstaklega vandaðir þættir um mannslíkamann. Endurtekið.
13.45 **Stríðsvindar.** North and South. Endursýnd stórkostleg framhaldsmynd sem byggð er á metsölubók John Jake. Fjórði hluti af sex. Aðalhlutverk Kristie Alley, David Carradine, Philip Casnoff, Mary Crosby og Lesley-Ann Down.
15.20 **Framtíðarsýn.** Beyond 2000. Geimvísindi, stjörnufræði, fólks- og vöruflutningar, byggingaraðferðir, arkitektúr og svo mætti lengi telja. Það er fátt sem ekki er skoðað með tilliti til framtíðarinnar.
16.15 **Með storminn í fangið.** Pins and Needles. Athyglisverður þáttur um MS-sjúkdóminn. Fyrri hluti, síðari hluti er á dagskrá sunnudaginn 30. júlí á sama tíma.
16.55 **Listamannaskálinn.** South Bank Show. **Terence Conran.** Umsjón: Melvyn Bragg.
17.50 **Golf.** Stöð 2 sýnir frá alþjóðlegum stórmótum um víða veröld. Umsjón: Björgúlfur Lúðvíksson.
19.19 **19:19.** Fréttir, íþróttir, veður og frískleg umfjöllun um málefni líðandi stundar.
20.00 **Svaðilfarir í Suðurhöfum.** Tales of the Gold Monkey. Spennandi framhaldsmyndaflokkur með ævintýralegu sniði fyrir alla fjölskylduna. Aðalhlutverk Stephen Collins, Caitlin O'Heaney, Roddy McDowall og Jeff Mackay.
20.55 **Stöðin á staðnum.** Stöð 2 hefur farið eins og eldur í sinu um landið og heimsótt marga staði. Íbúar Ólafsfjarðar eru gestgjafar okkar að þessu sinni.
21.10 **Lagt í'ann.** Í þessum þætti ætlar Guðjón að litast um í Papey. Umsjón: Guðjón Arngrímsson.
21.40 **Max Headroom.** Magnaður.
23.20 **Að tjaldabaki.** Backstage. Hvað er að gerast í kvikmyndaheiminum? Viðtöl við skærustu stjörnurnar, leikstjóra og svo mætti lengi telja. Þetta er þáttur fyrir þá sem vilja fylgjast með. Kynnir: Jennifer Nelson.
22.55 **Verðir laganna.** Hill Street Blues. Spennuþættir um líf og störf á lögreglustöð í Bandaríkjunum. Aðalhlutverk: Michael Conrad, Daniel Travanti og Veronica Hamel.
23.40 **Guð gaf mér eyra.** Children of a Lesser God. Sérlega falleg mynd um heyrnarlausa stúlku sem hefur einangrað sig frá umheiminum. Aðalhlutverk: Marlee Matlin, William Hurt, Piper Laurie og Philip Bosco.



Rás I
FM 92,4/93,5

7.45 **Útvarp Reykjavík,** góðan dag.
7.50 **Morgunandakt.** Séra Ingiberg J. Hannesson prófastur á Hvoli í Saurbæ flytur ritningarorð og bæn.
8.00 **Fréttir.** Dagskrá.
8.15 **Veðurfregnir.** Tónlist.
8.30 **Á sunnudagsmorgni** með Öldu Möller verkfræðingi. Bernharður Guðmundsson ræðir við hana um guðspjall dagsins. Matteus 7, 15–23.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Tónlist á sunnudagsmorgni.** – Sónata nr. 1 í D-dúr eftir Georg Muffat. Barrokksveitin í Vínarborg leikur; Theodor Guschlbauer stjórnar. – Tríósónata í F-dúr eftir fyrir tvö óbó, selló og sembal eftir Georg Christoph Wagenseil. Alfred Dutka og Alfred Hertel leika á óbó, Josef Luitz á selló og Holde Langfart á sembal. – Trompetsónata í Es-dúr eftir Joseph Haydn. John Wilbrhim leikur á trompet með St. Martin-in-the-Fields hljómsveitinni; Neville Marriner stjórnar. – Sinfónía í D-dúr eftir Wolfgang Amadeus Mozart. Nýja Fílharmóníusveitin í Lundúnum leikur; Raymond Leppard stjórnar. (Af hljómplötum.)
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.25 **Það er svo margt ef að er gáð.** Ólafur H. Torfason og gestir hans ræða um Jónas Hallgrímsson náttúrufræðing og skáld.
11.00 **Messa í Dómkirkjunni.** Prestur: Séra Hjalti Guðmundsson.
12.10 **Dagskrá.**
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
13.30 **Fram til orustu ættjarðarniðjar....** Dagskrá í tilefni frönsku byltingarinnar í umsjá Ragnheiðar Gyðu Jónsdóttur.
14.30 **Með sunnudagskaffinu.** Sígild tónlist af léttara taginu.
15.10 **Í góðu tómi** með Hönnu G. Sigurðardóttur.
16.00 **Fréttir.** Tilkynningar. Dagskrá.
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Með mannabein í maganum....** Jónas Jónasson um borð í Varðskipinu Tý. (Einnig útvarpað næsta þriðjudag kl. 15.03.)
17.00 **Frá sumartónleikum í Skálholti 15. júlí.** „Tónafórn" eftir Jóhann Sebastian Bach. Helga Ingólfsdóttir leikur á sembal, Kolbeinn Bjarnason á barokkflautu, Ann Walström og Lilja Hjaltadóttir á barokkfiðlur og Ólöf Sesselja Óskarsdóttir á víólu da gömbu. Kynnir: Hákon Leifsson. Hljóðritun Útvarpsins).
18.00 **Út í hött** með Illuga Jökulssyni
18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.31 **Söngleikar.** Tónleikar í tilefni af 50 ára afmæli Landssambands blandaðra kóra 5. nóvember sl. Fyrsti hluti af fimm: Sunnukórinn á Ísafirði og Kór Víðistaðasóknar. Kynnir: Anna Ingólfsdóttir.
20.00 **Sagan:** Ört rennur æskublóð eftir Guðjón Sveinsson. Pétur Már Halldórsson les. (4.)
20.30 **Íslensk tónlist.** – Sinfonia Trittico eftir John A. Speight. Sinfóníuhljómsveit Íslands leikur; Páll P. Pálsson stjórnar. (Hljóðritun Útvarpsins frá Norrænum tónlistardögum í september 1986.) – Leik-leikur (látalæti) fyrir litla hljómsveit eftir Jónas Tómasson. Sinfóníuhljómsveit Íslands leikur; Páll P. Pálsson stjórnar.
21.10 **Kviksjá.** Umsjón: Ragnheiður Gyða Jónsdóttir og Freyr Þormóðsson. (Endurtekinn þáttur frá fimmtudegi.)
21.30 **Útvarpssagan:** Þættir úr ævisögu Knuts Hamsun eftir Thorkild Hansen. Kjartan Ragnars þýddi. Sveinn Skorri Höskuldsson les. (3.)
22.00 **Fréttir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.15 **Veðurfregnir.**
22.20 **Harmoníkuþáttur.** Umsjón: Einar Guðmundsson og Jóhann Sigurðsson. (Einnig útvarpað á miðvikudag kl. 14.05.)
23.00 **Mynd af orðkera** – Ólafur Gunnarsson. Umsjón: Friðrik Rafnsson
24.00 **Fréttir.**
0.10 **Sígild tónlist í helgarlok** – Píanótónlist eftir Schubert og Schumann. – Sónata í A-dúr op. 120 eftir Franz Schubert. Alfred Brendel leikur. – Skógarmyndir op. 82 eftir Robert Schumann. Clara Haskil leikur.
1.00 **Veðurfregnir.**
1.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**



RÁS 2 FM 90,1

8.10 **Áfram Ísland.**
9.03 **Sunnudagsmorgunn með Svavari Gests.** Sígild dægurlög, fróðleiksmolar, spurningaleikur og leitað fanga í segulbandasafni Útvarpsins.
11.00 **Úrval.** Úr dægurmálaútvarpi vikunnar á rás 2. Umsjón: Sverrir Gauti Diego.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Tónlist.** Auglýsingar.
13.00 **Paul McCartney og tónlist hans.** Sjöundi þáttur. Skúli Helgason fjallar um tónlistarferil Paul McCartney í tali og tónum. Þættirnir eru byggðir á nýjum viðtölum við McCartney frá breska útvarpinu BBC. (Einnig útvarpað aðfaranótt föstudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
14.00 **Í sólskinsskapi.** – Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir.
16.05 **Söngleikir í New York** – Romance, Romance. Árni Blandon kynnir söngleikinn Romance, Romance eftir Barry og Keith Harman (Einnig útvarpað aðfaranótt fimmtudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
17.00 **Tengja.** Kristján Sigurjónsson tengir saman lög úr ýmsum áttum. (Frá Akureyri)
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.31 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.30 **Í fjósinu.** Bandarísk sveitatónlist.
21.30 **Kvöldtónar.**
22.07 **Á elleftu stundu.** Anna Björk Birgisdóttir í helgarlok.
2.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 8.00, 9.00. 10.00, 12.20, 16.00, 19.00, 22.00 og 24.00.



**NÆTURÚTVARP**

1.00 **Blítt og létt....** Gyða Dröfn Tryggvadóttir. (Einnig útvarpað í bítið kl. 6.01.)
2.00 **Fréttir.**
2.05 **Djassþáttur.** – Jón Múli Árnason. (Endurtekinn frá miðvikudagskvöldi á rás 1.)
3.00 **Rómantíski róbótinn.**
4.00 **Fréttir.**
4.05 **Næturnótur.**
4.30 **Veðurfregnir.**
4.35 **Næturnótur.**
5.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
5.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
6.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
6.01 **Blítt og létt....** Endurtekinn sjómannaþáttur Gyðu Drafnar Tryggvadóttur á nýrri vakt.

FM 98,9 BYLGJAN

9.00 **Haraldur Gíslason.** Hrífandi morguntónlist sem þessi morgunglaði dagskrárgerðarmaður sér um að raða undir nálina. Förum snemma á fætur með Harðsnúna Halla!
13.00 **Ólafur Már Björnsson.** Þægileg tónlist er ómissandi hluti af helgarstemningunni og Ólafur Már kann sitt fag.
18.00 **Kristófer Helgason.** Helgin senn úti og virku dagarnir framundan. Góð og þægileg tónlist í helgarlokin. Ómissandi við útigrillið!
19.00 **Freymóður T. Sigurðsson.** Góð tónlist.
20.00 **Pétur Steinn Guðmundsson** leikur lögin sem allir vilja heyra.
24.00 **Næturdagskrá.**




**ÞURRKUBLÖÐIN VERÐA AÐ VERA ÓSKEMMD**
og þau þarf að hreinsa reglulega. Slitin þurrkublöð margfalda áhættu í umferðinni.
UMFERÐAR RÁÐ


Stjarnan FM 102,2 & 104

9.00 **Sigurður Helgi Hlöðversson. Fjör við fóninn.** Skínandi góð morgunlög sem koma öllum hlustendum í gott skap og fram úr rúminu.
14.00 **Kjartan „Daddi" Guðbergsson.** leikur hressa og skemmtilega tónlist, bæði nýja og gamla.
17.00 **Sagan á bak við lögin.** Þáttaröð í umsjón Helgu Tryggvadóttur og Þorgeirs Ástvaldssonar.
18.00 **Kristófer Helgason.** Helgin senn úti og virku dagarnir framundan. Góð og þægileg tónlist í helgarlokin.
24.00 **Næturstjörnur.**

Rót ÚTVARP FM 106,8

10.00 **Sígildur sunnudagur.** Leikin klassísk tónlist.
12.00 **Jazz & blús.**
13.00 **Prógramm.** Tónlistarþáttur í umsjá Sigurðar Ívarssonar. Nýtt rokk úr öllum heimsálfum.
15.00 **Poppmessa í G-dúr.** Umsjón: Jens Kr. Guð.
17.00 **Ferill og „FAN". Baldur Bragason fær til sín gesti sem gera uppáhaldshljómsveit sinni góð skil.**
19.00 **Gulrót. Guðlaugur Harðarson.**
20.00 **Það erum við.** Unglingaþáttur í umsjá Dags og Daða.
21.00 **Múrverk.** Tónlistarþáttur í umsjá Árna Kristinssonar.
23.30 **Rótardraugar.**
24.00 **Næturvakt.**

EFF EMM 95,7

7.00 **Stefán Baxter.** „Ó–þunnur".
12.00 **Ásgeir Tómasson.**
15.00 **Felix Bergsson.**
18.00 **Klemens Árnason.**
22.00 **Sigurður Ragnarsson.**
1.00 **Páll Sævar Guðnason.**

SKY CHANNEL

4.30 **Fugl Baileys.** Ævintýrasería.
5.00 **The Hour of Power.** Trúarþáttur
6.00 **Gríniðjan.** Barnaefni.
10.00 **Íþróttaþáttur.** Kappakstur.
11.30 **Tískuþáttur.**
12.00 **Kvikmynd.**
14.00 **Beyond 2000.** Vísindaþáttur.
15.00 **Big Valley.** Vestraþáttur.
16.00 **Joannie Loves Chachi.** Gamanþáttur.
16.30 **Eight Is Enough.** Gamanþáttur.
17.30 **Fantasy Island.** Ævintýraþáttur.
18.30 **Family Ties.** Gamanþáttur.
19.30 **Baron and the Kid.** Kvikmynd.
21.30 **Entertainment This Week.** Fréttir úr skemmtanaiðnaðinum.
22.30 **Poppþáttur.**

SKY MOVIES

15.00 **To Be or Not To Be.**
17.00 **The Dove.**
19.00 **Crimes of the Heart.**
20.50 **Badlands.**
22.30 **High Anxiety.**
00,05 **Little Murders.**

EUROSPORT

9.30 **Trans World Sport.** Íþróttafréttir.
10.30 **Hjólreiðar.** Tour de France.
11.30 **Golf.** Scottish Open.
13.30 **Rugby.** Ástralía gegn Bresku ljónunum.
15.00 **Hjólreiðar.** Tour de France.
15.30 **Eurosport Menu.**
17.00 **Vélhjólaakstur.** Grand Prix keppni í Frakklandi.
18.00 **Hjólreiðar.** Tour de France.
19.00 **Golf.** British Open 1988.
20.00 **Kappakstur.** Formula 1 Grand Prix í Bretlandi.
22.30 **Hjólreiðar.** Tour de France.

SUPER CHANNEL

5.00 **Teiknimyndir.**
9.00 **Evrópulistinn.** Poppþáttur.
10.00 **Tískuþáttur.**
10.30 **Heimildarmynd.**
11.00 **Trúarþáttur.**
11.30 **Blake's Seven.** Vísindaskáldskapur.
12.30 **Salvage One.** Gamanþáttur.
13.30 **Euro Magazine.**
13.45 **Tónlist og tíska.**
15.30 **Veröldin á morgun.**
16.00 **European Business Weekly.** Viðskiptaþáttur.
16.30 **Roving Report. Fréttaskýringaþáttur**
17.00 **Poppþáttur.**
18.00 **Breski vinsældalistinn.**
19.00 **Shoestring.** Sakamálaþáttur.
20.00 **Rainbow.** Kvikmynd.
22.30 **Tíska og tónlist.**



**Úr myndinni um Genni sem er haldinn hinum ólæknandi MS sjúkdómi.**

## Stöð 2 kl. 16.15:

# Með storminn í fangið

Þessi mynd fjallar um unga konu með sjúkdóminn Multiple Sclerosis eða MS eins og hann er yfirleitt kallaður. Genni Batterham var 23 ára er uppgötvaðist að hún væri með þennan alvarlega sjúkdóm árið 1978. Síðar sama ár giftist hún kvikmyndagerðarmanninum Kim og í sameiningu hafa þau tvö gert fjórar heimildamyndir um baráttu Genni við sjúkdóminn.

Áhorfandinn fær að sjá heiminn frá sjónarhorni Genniar er skyndilega þarf að hægja á öllu í sínu daglega lífi. Hún á erfitt um mál og einnig með hreyfingar. Einnig eru viðtöl við þessa hugrökku ungu konu.

Það er fyrsta myndin sem sýnd verður að þessu sinni og hlaut hún sjö alþjóðleg kvikmyndaverðlaun á sínum tíma. Síðasta myndin var gerð í fyrra og verður hún sýnd á Stöð 2 þann 30. þessa mánaðar. -gh

## Sjónvarpið kl. 22.00:

# Kvikmyndaleikstjórinn Klimov

Þetta er ný heimildamynd um einn fremsta kvikmyndaleikstjóra Sovétríkjanna Elem Klimov. Nýlega var hann settur fyrsti ritari félags sovéskra kvikmyndagerðarmanna.

Klimov hefur aðeins gert sex lengri kvikmyndir á 20 ára starfsferli sínum og þykir það ekki mjög mikið miðað við hæfileikana sem hann býr yfir. Síðan hann tók við starfi ritara félags sovéskra kvikmyndagerðarmanna hefur banni á ýmsum myndum frægra kvikmyndargerðarmanna verið aflétt þar í landi, fyrir hans tilstilli. Eru þar á meðal myndir þekktra manna eins og Alexander Sokurov, Alexei German og Tengiz Abuladze.

Í þessari heimildamynd um Klimov ræðir bandarískur blaðamaður Ronald Holloway við leikstjórann. Sýnd verða brot úr kvikmyndum hans en sumar þeirra voru bannaðar í Sovétríkjunum um árabil. Klimov ræðir einnig um róttækar breytingar sem fyrirsjáanlegar eru í sovéskri kvikmyndagerð á komandi árum. -gh



**Sunnukórinn frá Ísafirði ásamt stjórnandanum Beaáta Joó.**

## Rás 1 kl. 19.31:

# Söngleikar hinna söngelsku

Á sunnudagskvöld og fimm næstu sunnudagskvöld verður útvarpað upptökum frá 50 ára afmælistónleikum Landssambands blandaðra kóra. Tónleikarnir voru haldnir í Laugardalshöll þann 5. nóvember á síðastliðnu ári.

Í hverjum þætti syngja tveir til þrír kórar en í lokaþættinum syngja þeir allir saman, meðal annars verk eftir Hjálmar H. Ragnarsson sem hann samdi við Áfanga Jóns Helgasonar.

Í fyrsta þættinum verða það Sunnukórinn frá Ísafirði og Kór Víðistaðasóknar sem syngja. Þess má geta að Sunnukórinn er eini starfandi kórinn er var á meðal stofnenda Landssambands blandaðra kóra á sínum tíma. Kórinn var stofnaður fyrir réttum 55 árum.

Kynnir á söngleikjum er Anna Ingólfsdóttir. -gh

## Sjónvarpið kl. 18.00:

# Tommamótið í Sumarglugganum

Tommamótið í Vestmannaeyjum fyrr í sumar verður aðalinnihald Sumargluggans að þessu sinni. Að sjálfsögðu verður fylgst með fótbolta en ekki eingöngu þó því að margt annað var gert á þessu móti.

Teiknimyndir verða einnig hluti af Sumarglugganum og þær eru um Tuskudúkkurnar, Rottuskotturnar, Litla vélmennið og Bangsa litla.

Umsjónarmaður er Árný Jóhannsdóttir en stjórn upptöku annaðist Eggert Gunnarsson. -gh